

1. bekkur

Vinnulag náttúruvísinda

- Notar einföld hugtök í náttúruvísindum við athuganir og í umræðu.
- Framkvæmir einfaldar athuganir og skráir mælingar á hversdagslegum hlutum samkvæmt leiðbeiningum.

Umhverfið

- Nefnir dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta.
- Skoðar og kannar helstu vistkerfi í nærumhverfi sínu.
- Gerir sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda.
- Segir frá og áttar sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu.
- Gerir sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi.
- Gengur vel um umhverfið og áttar sig á mikilvægi þess.
- Tekur þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna.
- Kemur með hugmyndir að aðgerðum sem tengjast náttúruvernd og tekur þátt í verkefnum í nærumhverfi sínu.
- Geti fjallað um hvaða hlutverki loftþjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni.

Lífið

- Segir frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Ræðir um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrða þeirra.
- Gerir sér grein fyrir að allar lífverur eru gerðar úr frumum.
- Lýsir ytri byggingu á helstu hlutum plantna.
- Lýsir helstu einkennum valinna dýra.
- Lýsir byggingu og starfsemi mannslíkamans á einfaldan hátt.
- Tjáir sig á einfaldan hátt um einkastaði líkamans og ber virðingu fyrir þeim.
- Ræðir mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu, hvíldar og svefns.

Efnin

- þekkir og flokkar algeng efni og lýsir helstu einkennum þeirra.
- Rannsakar leysni algengra efna á heimilinu.
- þekkir dæmi um hættileg efni á heimilinu.

Orkan

- Framkvæmir og fjallar um athuganir á sýnilegum bylgjum.
- Áttar sig á að efni hafa massa og stærð.

Alheimurinn

- Gerir sér grein fyrir ástæðum dægraskipta.

Lykilhæfni í náttúrufræðigreinum – 2. bekkur

Tjáning og miðlun

- Hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni.
- Lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni.
- Nýtt ólíkar leiðir til miðlunar.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði í verkefnum og beðið um aðstoð eftir þörfum.
- Unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi.

Náttúrufræðigreinar – Kennsluaðferðir og námsmat 1.–4. bekk

Árgangur	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
2. bekkur	- Samræðutímar, frásagnir og læsi - Einfaldar tilraunir og athuganir - Skýringarmyndir og önnur myndræn verkefni tengd náttúru (myndskráning) - - Skapandi og listræn verkefni - Vettvangsferðir og útikennsla - Hópverkefni - Hagnýt verkefni (til dæmis eitthvað sem snýr að umhverfisvernd) - Leikir og þrautir (tengjast til dæmis hreyfingu og heilsu)	- Halló Heimur 1-2 - Visindabúnaður: Stækkunargler, seglar, smásjár, vasaljós og annað álíka. - Húsdýragarðurinn, villt dýr og aðrar álíka stofnanir - Vefir líkt og plöntuvefurinn, fuglavefurinn o.s.frv.	-Lokið/ólokið - Leiðsagnarmat: reglulegar umsagnir, sjálfsmat og samtöl - Hæfni metin með táknum:  Framúrskarandi  Mjög góð hæfni  Góð hæfni  Á góðri leið  Þarfnast þjálfunar  Hæfni ekki náð  Lokið  Ólokið